



44. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í kennararstofu miðvikudaginn 11. júní 2003, kl. 10.

Fundinn sátu Sigurður Ingi Jóhannsson, form. skólanefndar, skólanefndarmennirnir: Gunnar Þorgeirsson, Ragnar Sær Ragnarsson og Margrét Einarsdóttir, fltr. kennara: Gríma Guðmundsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, skólameistari og Páll M Skúlason, aðst. skm. Halldóra Þorvarðardóttir og Ninja Ýr Gísladóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Umsóknir um auglýstar kennarastöður
2. Reikningsskil fyrir árið 2002
3. Endurbætur húsnæðis – staða og áætlanir
4. Breytt brautaskípulag
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og gaf skólameistara orðið um fyrsta lið dagskrár.

1. Umsóknir um auglýstar kennarastöður

Skólameistari gerði grein fyrir umsóknum um kennarastöður sem auglýstar voru á þessu vori.

Þessar umsóknir bárust:

a. Umsóknir um stöðu (tæplega ein staða) framhaldsskólakennara í íslensku, félagsfræði og sögu við Menntaskólann að Laugarvatni.

Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Hrafn Arnarson, framhaldsskólakennari, félagsfræði, saga
2. Sigrún Lilja Einarsdóttir, framhaldsskólakennari, íslenska, félagsfræði, saga
3. Guðmundur Rafn Geirdal, leiðbeinandi, félagsfræði
4. Steinar Almarsson, framhaldsskólakennari, félagsfræði
5. Guðlaugur Viðar Valdimarsson, framhaldsskólakennari, saga, félagsfræði
6. Brynhildur Einarsdóttir, framhaldsskólakennari (í haust), saga, félagsfræði
7. Ragnar Þór Pétursson, framhaldsskólakennari, félagsfræði, saga

Samþykkt var að ráða Sigrúnu Lilju Einarsdóttur í stöðuna.

b. Umsóknir um stöðu framhaldsskólakennara í eðlisfræði. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Björn E. Árnason, leiðbeinandi
2. Gerða Björk Geirsdóttir, leiðbeinandi

Samþykkt var að ráða Björn E. Árnason í stöðuna til eins árs.

c. Umsóknir um stöðu framhaldsskólakennara í líffræði. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Jóna Björk Jónsdóttir, framhaldsskólakennari
2. Jón Gunnar Schram, framhaldsskólakennari

Samþykkt var að ráða Jónu Björk Jónsdóttur í stöðuna. Jafnframt var samþykkt að Jóna Björk fái fastráðningu við skólann.

d. Umsóknir um stöðu framhaldsskólakennara í stærðfræði. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Sigurjón Mýrdal, leiðbeinandi

Samþykkt var að ráða Sigurjón í stöðuna til eins árs.

e. Umsóknir um stöðu íþróttta- og íþróttfræðakennara við Menntaskólann að Laugarvatni. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Kristrún Hermannsdóttir, framhaldsskólakennari
2. Magnús Tryggvason, framhaldsskólakennari
3. Ólafur Guðmundsson, framhaldsskólakennari

Samþykkt að ráða umsækjendurna til samsvarandi stöðu og þau gegndu s.l. skólaár, til eins árs.

f. Umsóknir um stöðu framhaldsskólakennara í þýsku. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Hrafn Arnarson, framhaldsskólakennari, menntaður í Þýskalandi
2. Sara Níelsdóttir, framhaldsskólakennari (dregin til baka)
3. Connie Maria Cuesta-Schmiedl, framhaldsskólakennari

Samþykkt að auglýsa stöðu þýskukennara að nýju.

g. Umsóknir um stöðu (tæplega ein staða) framhaldsskólakennara í dönsku. Í þeirri röð sem þær bárust skólameistara:

1. Óttar Einarsson, leiðbeinandi
2. Auður Ólafsdóttir, framhaldsskólakennari

Bókað er: Skólanefnd getur ekki mælt með umsókn Auðar á grundvelli upplýsinga sem skólameistari hefur aflað í framhaldsskólum sem hún hefur starfað við. Einróma samþykkt.

Samþykkt að ráða Óttar Einarsson til eins árs.

2. Reikningsskil fyrir árið 2002

Skólameistari dreifði ársreikningi skólans fyrir árið 2002 og fylgdi úr hlaði.

M.a. kemur þar fram að uppsöfnuð skuld við ríkissjóð er 19.6 milljónir.

Yfirdráttur hefur þó minnkað milli 2001 og 2002. Hann felst að mestu í launakostnaði.

Íþróttabraut hefur verið kostnaðarsöm sérstakl. þar sem kennslunýting á 2. og 3. ári er slök.

Skólanefnd samþykkir eftirfarandi bókun:

Skólanefnd M.L. samþykkir að óska eftir því við fjármálaráðuneytið að tillit verði tekið til sérstöðu skólans, þróunar hans og uppbyggingar hin síðustu ár. Jafnframt er þess farið á leit við ráðuneytið að það felli niður uppsafnaða skuld skólans við ríkissjóð.

3. Endurbætur húsnæðis – staða og áætlanir

Skólameistari gerði grein fyrir því að framkvæmdafé þessa árs klárast í þær tvær framkvæmdir sem í gangi eru: snyrtiaðstöðu á Kös og eldhúsgang í skólahúsinu.

Framundan er að taka Garð, verðandi embættisbústað skólameistara, í gegn. Framkvæmdir hefjast á þessu ári en verður lokið á næsta ári.

Þá gerði skólameistari grein fyrir málum sem tengjast kennarabústaðnum Túni, en ekkert liggur endanlega fyrir um það.

Skm. fjallaði nokkuð um hugmyndir um framtíðarskipan Markar.

Ennfremur greindi skm. frá næstu skrefum í umræðu um framtíð bókasafnsins, m.a. fyrirhugaðri úttekt á því og viðræðum við sveitarfélagið um málefni þess, og mögulegri framtíðarstaðsetningu þess. Helst er horft til s.k. brytaíbúðar fyrir safnið. Guðrún Einarisdóttir, hættir störfum við safnið í haust. Henni eru þökkun vel unnin störf, elja og dugnaður við uppbyggingu safnsins og utanumhald þess.

4. Breytt brautaskipulag

Aðstoðarskólameistari lagði fram ljósrit af brautarskipulagi næsta árs og fór yfir helstu breytingar og hugmyndfræðina þar að baki. Nýtt brautarskipulag er komið á allar brautir ásamt sér skipulagi sérhvers bekkjar næstu ár, þ.e. þeirra bekkja sem eru samkvæmt eldra brautarskipulagi. Eldra skipulag hefur marga ársáfanga en nýtt brautarskipulag byggist upp á annaráföngum í bekkjakerfi. Það hefur það í för með sér færri áfangar eru undir hverju sinni og færri próf. Prófatími verður að jafnaði hálfur mánuður hvora önn. Eins eru yfirlitsstúdentpróf ýmist á þriðja ári, fjórða ári, haust eða vor.

5. Önnur mál.

- a. Skm. þakkaði skólanefnd fyrir öflugan stuðning á undanförunum árum.

b. Form. spurðist fyrir um umsóknir, og skm. gerði grein fyrir stöðu þeirra mála. Vegna lengingar grunnskólans berast umsóknir síðar en undanfarin ár.
Skm. kvað tvennt ráða inntöku nemenda fyrst og fremst: búseta og einkunnir.
Allmikið var rætt um inntöku nemenda, bakland skólans, námsstyrki o.fl.

Fundi slitið kl. 12.00